



Landssamband Veiðifélaga  
Kalkofnsvegi 2 – Hafnartorgi  
101 Reykjavík

12. september 2023  
Tilv. 2023-08-21-0807/2.5.2

### **Efni: Aðgerðir Fiskistofu vegna eldislaxa í ám á Íslandi**

Þann 20. ágúst sl. barst Fiskistofu tilkynning um að göt hefðu fundist á sjókví nr. 8 hjá Arctic Sea Farm ehf. við Kvígindisdal í Patreksfirði. Viðbragðsáætlun fyrirtækisins var virkjuð og net lögð við sjókvinna sem göt höfðu fundist á og síðar á nokkrum stöðum í Patreksfirði. Voru veiðar reyndar undir stjórn og eftirliti Fiskistofu. Samtals veiddust 8 laxar í aðgerðinni dagana 20.–31. ágúst og mælti Fiskistofa þá fyrir um að veiðum skyldi hætt, þar sem veiðarnar skiluðu litlum árangri. Hafrannsóknastofnun staðfesti með erfðagreiningu að líklegast væri að laxarnir hefðu sloppið úr umræddri sjókví. Metið verður hvort tilefni sé til að hefja veiðar á ný í Patreksfirði og fylgst verður með því hvort vart verði við fiska í Ósá.

Dagana 7.-10. september framkvæmdi Fiskistofa í eftirlit með drónum yfir veiðiám víða á Vestfjörðum, í öllum ám í Arnarfirði, og við Húnaflóa. Ekki sást mikið magn af fiski og ekki talið tilefni til aðgerða. Fiskistofu er kunnugt um að laxar með eldiseinkenni hafi veiðst víða um land og erfðagreining sýnir að þeir fiskar séu að öllum líkindum flestir úr sjókví nr. 8 Arctic Sea Farm við Kvígindisdal í Patreksfirði. Þá hafa margir fiskar með eldiseinkenni veiðst á NV-landi og í Blöndu á síðustu dögum samkvæmt upplýsingnum frá veiðifélögum.

### **1. Tilmæli Fiskistofu til veiðifélaga og almennar heimildir**

Með hliðsjón af framangreindum aðstæðum beinir Fiskistofa því til veiðifélaga að gera Fiskistofu viðvart ef eldislaxar veiðast á vatnasvæði félagsins og senda meinta eldislaxa til Hafrannsóknastofnunar með eftirfarandi hætti: Meintir eldislaxar verði kældir/frystir og komið sem fyrst til Hafrannsóknastofnunar, í heilu lagi, til greiningar á uppruna.

Fiskistofa leitaði ráðgjafar hjá Hafrannsóknastofnun um það hvaða úrræði gætu komið að gangi við þær aðstæður sem upp eru komnar þegar eldislaxar leita í veiðiár á göngutíma laxfiska og senn líður að hrygningartíma. Að teknu tilliti til ráðgjafar Hafrannsóknarstofnunar og með vísan til 2. mgr. 13. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi, mælist Fiskistofa til þess að öll veiðifélög grípi til eftirfarandi ráðstafana:

#### **1.1. Lokun laxastiga**

Með vísan til 3. mgr. 34. gr. laga nr. 61/2006 lax- og silungsveiðilaga, heimilar Fiskistofa veiðifélögum að loka laxastigum, þar sem vart hefur orðið við eldislax, tímabundið til 31.12.2023, með eftirfarandi skilyrðum:

- Gæta þarf að því uppganga villtra laxa og göngusilungs lokist ekki,
- vitjað sé um laxastiga a.m.k. daglega og villtum fiskum sleppt upp fyrir, og
- meintum eldislögum verði skilað til Hafrannsóknastofnunar til rannsóknar með þeim hætti sem áður greinir.



## 1.2. Lenging stangveiðitímabils

Með vísan til 1. mgr. 17. gr. laga nr. 61/2006 lengir Fiskistofa veiðitímabil til stangveiði umfram hefðbundinn veiðitíma lax, til og með 15. nóvember 2023, í þeim tilgangi að leitað verði að eldislaxi og hann fjarlægður, með eftirfarandi skilyrðum:

- Stangveiði umfram hefðbundinn veiðitíma verði á vegum veiðifélaga,
- veiði takmarkast við veiðar til að fjarlægja eldislaxa og að öllum villtum fiskum sé sleppt, og
- meintum eldislögum verði skilað til Hafrannsóknastofnunar til rannsóknar með þeim hætti sem áður greinir.

Vakin er athygli að skrá ber veiði rafrænt í veiðibók Hafrannsóknastofnunar.

## 2. Veiðiaðgerðir í samráði við Fiskistofu

Fiskistofa hefur heimild með samþykki stjórnar veiðifélags eða eftir atvikum veiðiréttarhafa, þar sem veiðifélag hefur ekki verið stofnað, að mæla fyrir um að leitað verði að eldislaxi í nærliggjandi veiðiám eða vötnum og hann fjarlægður, sbr. 4. másl. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 71/2008.

Fiskistofa leitaði ráðgjafar hjá Hafrannsóknastofnun um það hvaða aðgerðir gætu komið að gangi við þær aðstæður sem upp eru komnar þegar eldislaxar leita í veiðiár á göngutíma laxfiska og senn líður að hrygningartíma. Þær aðgerðir sem talið er að geti komið að gangi eru eftirfarandi:

**Ádráttarveiði:** Draga á með netum þar sem grunur er um að eldislax.

**Leit með ljósum:** Leita að eldislögum í myrkri með ljósum og veiða í stóra háfa.

**Rekköfun:** Rekköfun (snorkl) í ám til að finna og/eða veiða eldislaxa. Fiskistofa mun hafa milligöngu um að fá til landsins sérfræðinga frá Noregi sem eru sérhæfðir í rekköfun og leit að eldislögum.

Veiðifélög sem telja tilefni til þess að beita framangreindum veiðiaðgerðum er bent á að hafa samband við Fiskistofu í netföngin sem tilgreind eru hér að neðan, auk þess sem hægt er að hafa samband við undirritaðan í síma .

Veiðiaðgerðir sem gerðar verða í samráði við og mælt fyrir um af Fiskistofu mun stofnunin hafa eftirlit með og kosta.

### Samráð við Landssamband veiðifélaga

Fiskistofa ítrekar að aðgerðir verða aðeins gerðar í samráði og í samvinnu við viðkomandi veiðifélög. Fiskistofa óskar eftir því að Landssamband veiðifélaga miðli upplýsingum um það hvar helst kunni að vera þörf fyrir aðgerðir, t.a.m. þar sem ekki eru starfrækt veiðifélög eða þar sem veiðifélög eru óvirk. Fiskistofa óskar eftir samstarfi við Landssamband Veiðifélaga um það að koma skilaboðum til veiðifélaga og miðla upplýsingum vegna nauðsynlegra aðgerða. Samráð skal haft við Fiskistofu með því að beina erindum á netfangið [gudni.m.eiriksson@fiskistofa.is](mailto:gudni.m.eiriksson@fiskistofa.is) og [fiskistofa@fiskistofa.is](mailto:fiskistofa@fiskistofa.is).



Virðingarfyllst,  
Guðni Magnús Eiríksson,  
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu